

Sveitarstjórn Garðabæjar

Efni: Ósk um aukið fjárframlag til uppbyggingar aðstöðu og íþróttastarfs UMFÁ

Ungmennafélag Álftaness (UMFÁ) óskar eftir auknu fjárframlagi frá sveitarfélaginu til viðhalds og uppbyggingar fasteigna og annarrar íþróttaaðstöðu í umsjón UMFÁ. Þá óskar félagið eftir að auknu fé verði úthlutað í þágu núverandi samnings milli Garðabæjar og UMFÁ í ljósi þess að félagið tók yfir allt blakstarf Ungmennafélags Stjörnunnar (Stjarnan) á síðasta ári. Telur stjórn UMFÁ að hún sitji ekki við sama borð og Stjarnan við úthlutun fjár til íþróttastarfs. Helstu rök stjórnar UMFÁ fyrir þeirri staðhæfingu eru að of mörg verkefni, sem eru á forræði eða í umsjón UMFÁ, sitja á hakanum og/eða hefur ekki verið lokið vegna þess að fé hefur ekki verið ráðstafað til lúkningar þeirra. Skýrasta dæmið um þetta er Bessastaðavöllur. Á sama tíma hefur sambærilegum framkvæmdum hjá Stjörninni verið lokið á skemmri tíma og, að því virðist, án nokkurra vandkvæða. Miðað við núverandi ástand stendur UMFÁ höllum fæti hvað íþróttaaðstöðu varðar gagnvart Stjörninni, öðrum íþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og félögum á landsbyggðinni af sambærilegri stærð.

Undanfarin ár hefur sveitarfélagið óskað eftir greinargerð um styrkja- og verkefnaþörf frá UMFÁ í undanfara fjárhagsáætlunargerðar Garðabæjar. Hafa óskir/sjónarmið UMFÁ komið skýrt fram af því tilefni, þar sem athygli hefur verið vakin á því að fé vanti til viðhalds og uppbyggingar íþróttamannvirkja. Því miður virðist sem óskir UMFÁ um eðlilegt viðhald, uppbyggingu og stuðning við einstaka flokka hafi ekki hlotið hljómgrunn meðal bæjarfulltrúa og embættismanna sveitarfélagsins.

Stjórn UMFÁ skorar á sveitarfélagið að gera bragarbót á. Að mati UMFÁ eru eftirfarandi verkefni brýnust:

1. Frágangur vallarhúss og umhverfi þess

UMFÁ var afhent vallarhús til afnota á síðasta ári án fjármagns í því skyni að breyta því úr frístundaheimili í búnings- og sturtuklefa. Húsið er enn ónothæft sem slíkt. Enn sem komið er hafa búningsherbergin í íþróttahúsinu verið nýtt við keppnisleiki en undanfarið hefur komið til þess að fresta hefur þurft kappleikjum á vellinum þegar blak- eða körfuboltamót hafa staða yfir á sama tíma í húsinu. Vegna fjarlægðar íþróttahúss frá gervigrasvellingum og framkvæmda við skólann hefur einnig þurft að fá undanþágu til að lengja hálfleik keppnisleikja. Leikmenn þurfa að ganga yfir 300 metra leið til að komast í búnings- og sturtuaðstöðu. Hluti af leiðinni er þakin möl og ganga þarf yfir akstursleið stórvirkra vinnuvéla og annarrar umferðar. Þá er leiðin oft þakin snjó og klaka með tilheyrandi slyshættu.

2. Lýsing á gervigrasvelli

Ekki er unnt að spila keppnisleiki á gervigrasvelli nema við dagsbirtu þar sem lýsingu er ábótavant (og völlurinn ekki löglegur sem slíkur). Reglulega eru leikir færðir til vegna þessa. Þá hefur lýsingarbúnaður verið bilaður um margra mánaða skeið þannig að einn ljóskastari af sex virkar ekki sem skyldi og viðgerðir hafa ekki tekist.

3. Nýtt gólf í íþróttahúsið við Breiðumýri

Gólfíð á íþróttahúsinu er illa farið enda bæði komið til ára sinna og hefur aldrei verið endurbætt eftir vatnstjón sem það varð fyrir árið 2007. Ef heldur sem horfir verður ekki unnt að spila keppnisleiki í körfubolta eða blaki á vellinum síðar á þessu ári. Athugasemdir varðandi ástand gólfs og lýsingu í íþróttasalnum hafa komið frá Blaksambandi Íslands og Körfuknattleikssambandi Íslands.


4. Meistaraflokkar í blaki

Á síðasta ári lagði Stjarnan niður blakdeildina sem fluttist alfarið til UMFÁ. UMFÁ er með lið í efstu deild karla og kvenna í blaki auk þess að vera með sex lið í öðrum deildum. Óskað er eftir að aukið fjármagn verði sett í nógildandi samning milli Garðabæjar og UMFÁ til að unnt verði að reka blakdeildina með sóma.

5. Stúka/áhorfendasæti

UMFÁ óskar eftir að Garðabær hafi frumkvæði að byggingu áhorfendastæða við austurhlið gervigrasvallar. Ekkert áhorfendastæði er við gervigrasvöllinn á Álftanesi. Áhorfendur þurfa að standa á brattri grasmön til að geta fylgst með leikjum.

F.h. stjórnar UMFÁ,



Björgvin Jóniússon,

framkvst. UMFÁ

umfa@umfa.is

Afrit:

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

Íþrótt- og tómstundafulltrúi Garðabæjar